


VERKEFNI H: BOTNDÝR Í SYÐRIFLÓA

1. ÁHRIF SÚREFNISÞURÐAR Á AFFÖLL
OG ÞÉTTLEIKA RYKMÝSLIRFA.

Vigfús Jóhannsson
Lárus Þ. Kristjánsson



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

EFNISYFIRLIT.

Bls.

Inngangur.....	2
Aðferðir.....	3
Súrefnismælingar.....	3
Botnsýni.....	3
Tölfræðileg úrvinnsla.....	5
Niðurstöður.....	6
Súrefni.....	6
Súrefnisstyrkur við botn og þéttleiki rykmýslirfa.....	7
Fjöldi botndýra á milli ára.....	8
Umræða.....	10
Heimildir.....	12
Myndir.....	13
Töflur.....	37
Viðaukar.....	45
Viðauki 1. Tölfræði.....	47
1. Chironomini og súrefni.....	47
2. Tanytarsini og súrefni.....	49
3. Taylor Power.....	50
Viðauki 2. Súrefnismælingar.....	55
Viðauki 3. Botndýr.....	70

Inngangur

Mývatn er mestallt ísi lagt að meðaltali 190 daga á ári, frá október-nóvember til apríl-júní (Sigurjón Rist 1979). Yfir sumarið binst varmi setinu á botni vatnsins. Eftir að ís leggst á vatnið leitar varmi úr setinu og vatnið við botn hitnar. Vegna aukinnar eðlisþyngdar samfara hitun frá botnsetinu getur vatn staðnað við botn. Fyrri rannsóknir á Mývatni hafa sýnt að þegar líður á vetur getur vatnið næst botninum orðið súrefnissnautt (Jón Ólafsson 1979).

Með ofangreinda þætti í huga var það mat verkefnisstjórnar Mývatnsrannsókna 1986 að þungamiðja líffræðilegra rannsókna á Mývatni skyldi vera áhrif súrefnisþurrðar á botndýralíf í Syðriflóa Mývatns. Fyrsta árið var lögð áhersla á að kortleggja þau svæði í Mývatni þar sem súrefni þrýtur yfir vetrarmánuðina og hversu lengi slíkt ástand varir. Á miðju ári 1987 ákvað verkefnisstjórnin að hætta frekari súrefnismælingum og jafnframt var ákveðið að breyta áætlun um töku botnsýna frá því sem hafði verið ákveðið 1986. Breytingin var í því fólgin að fækka bæði sýnatökustöðvum og sýnatökudögum. Megináhersla var lögð á janúar og mars/apríl ár hvert. Í þessari skýrslu verður fjallað um magn og dreifingu súrefnis við botn í Syðriflóa og hvort breytilegur þéttleiki rykmýslirfa verði skýrður út frá mismunandi magni súrefnis við botn.

Rannsóknir Veiðimálastofnunar á botndýralífi og silungi í Mývatni hófust í janúar 1986. Þessar athuganir eru liður í rannsóknum á áhrifum kísilgúrnáms á lífríki vatnsins. Verkið er unnið samkvæmt verksamningi við Verkefnisstjórn um Mývatnsrannsóknir. Samkvæmt þessum samningum áttu niðurstöður að liggja fyrir 1991.

Tilgangur þess verkefnis sem hér er fjallað um var að svara því hvort samband væri á milli stofnstærðar eða affalla helstu hópa rykmýs á botni og súrefnisstyrks við botn. Jafnframt var fylgst með magni helstu botndýra á sömu svæðum.

AÐFERÐIR

Súrefnismælingar

Súrefnismælingar í Mývatni hófust 8. janúar 1986 og var þá mælt á 27 stöðvum í vatninu (1. mynd); 16 stöðvum í Syðriflóa, 2 stöðvum í Neslandavíkinni og 9 í Ytriflóa. Mælingarnar voru endurteknar í febrúar og mars 1986 á sömu stöðvum. Um leið og vatnið var ísi lagt í nóvember 1986 var hafist handa við mælingar á súrefni á nýjan leik og haldið áfram yfir veturinn á 15-30 daga fresti á 4-6 stöðvum í Syðriflóa (1. mynd). Þessar stöðvar voru valdar m.t.t. mælds súrefnisstyrks við botn á þessum svæðum.

Við súrefnismælingarnar var notaður súrefnismælir pHOX 62TE. Ferðast var um ísinn, ýmist á vélsleða, fjórhjóli eða bíl. Í fyrstu ferð í janúar voru stöðvar mældar út með því að fara á vélsleða eftir fyrirfram ákveðnum sniðum. Fjarlægðir voru mældar eftir vegalengdarmæli vélsleðans. Hver stöð var auðkennd með því að festa veifu sem á var skráð númer stöðvar. Borað var gat á ísinn, um 12 cm í þvermál og súrefnisnema stungið í gegn. Snúran í súrefnisnema hafði áður verið kvörðuð með 50 cm millibili til dýptarmælinga. Súrefnisstyrkur (mg/l) og vatnshiti (°C) var síðan mældur með 50 cm millibili niður að botni. Styrkur súrefnis miðast við þann vatnshita sem mældist á hverjum stað. Eins og kemur fram á yfirlitsmyndum yfir vatnshita við botn (4.-7. mynd) þá var mjög lítil munur á vatnshita á milli stöðva. Auk vatnshita var ís- og snjóþykkt mæld í hverju tilfelli. Mælingarnar önnuðust Vigfús Jóhannsson, Guðni Guðbergsson, Þorlákur Jónsson og Lárus Þ. Kristjánsson.

Botnsýni

Botnsýni voru tekin samhliða súrefnismælingum í gegnum ís janúar til apríl 1986. Veturinn 1986-1987 voru tekin botnsýni í nóvember, janúar, febrúar og mars/apríl. Eftir 1987 var megináhersla lögð á sýnatöku samhliða fiskirannsóknnum í maí, ágúst og október ár hvert. Vetrarsýni voru venjulega tekin í janúar og mars/apríl ár hvert. Samkvæmt ákvörðun

Sérfræðinganevndar um Mývatnsrannsóknir var ákveðið að úrvinnsla botnsýna skyldi fyrst beinast að sýnum sem tekin voru á tímabilinu janúar til apríl ár hvert en það er á þessum árstíma sem súrefnisþurrðar gætir við botn. Unnið var úr sýnum frá 3 stöðvum í Syðriflóa (3, 6 og 38; sjá mynd 1). Við val á þessum stöðvum var stuðst við niðurstöður úr súrefnismælingum janúar til apríl 1986. Súrefnisþurrðar gætti lengst á stöð 6 við Álftavog en mun skemur á stöð 3 við Sviðinsey. Á stöð 38, nálægt Geitey varð aldrei vart við súrefnisþurrð. Í þeim tilfellum sem mælingar vantar stafar það oftast af því að ekki tókst að ná sýnum vegna veðurs.

Við töku botnsýna var oftast notaður Kajak kjarnasýnataka (flatarmál 20,4 cm²). Að vetrarlagi voru öll sýni tekin í gegnum ís. Borað var a.m.k. 15 cm gat á ísinn og Kajak sýnatakinn sendur niður í gegnum gatið í bandi. Sýnin voru flest sigtuð jafnóðum og notað til þess 0,25 mm eða 0,12 mm fötusigti. Sýni sem ekki voru sigtuð jafnóðum voru sett í 5 l plastfötu og hert í formalíni (10%). Botnsýnin voru því næst flutt í hús Náttúruverndarráðs við Mývatn og sigtuð þar. Ef sýnin voru ekki sigtuð jafnóðum var það vegna frosts og vinds. Oftast voru tekin fimm botnsýni á hverri stöð.

Botnsýni sem voru tekin samhliða fiskirannsóknum að sumarlagi voru tekin úr bát. Bátum var lagt við stjóra meðan sýnatakan fór fram. Öll sýni sem tekin voru yfir sumarið voru sigtuð með fötusigti jafnóðum. Við fyrstu úrvinnslu voru sýnin sett í 75% ísóprópanól og lituð með Bengal Rosa.

Mýlirfur voru oftast greindar til undirætta eða ættkvísla. Önnur dýr voru eingöngu grófflokkuð og talin.

Rétt er að leggja á það áherslu að þar sem fjallað er um meðaltöl úr Syðriflóa yfir langt tímabil er ekki alltaf um sömu stöðvar að ræða. Heldur voru teknar inn allar stöðvar þar sem sýni höfðu verið unnin. Val á stöðvum sem voru tekin til úrvinnslu hverju sinni réðst fyrst og fremst af ákvörðun sérfræðinganevndar, sem gat breyst m.t.t. fjárhagslegar getu. Þetta á þó aðeins við um meðaltöl yfir langt tímabil. Öll úrvinnsla m.t.t. styrks súrefnis og þéttleika botndýra tók mið af sömu stöðvunum í Syðriflóa.

Fjölmargir hafa tekið þátt í úrvinnslu sýna úr Syðriflóa Mývatn. Sérstaklega viljum við þakka eftirtöldum aðilum fyrir þeirra framlag: Árna Óðinssyni, Guðna Guðbergssyni, Hugrónu Gunnarsdóttur, Jóhannesi Sturlaugssyni, Ólafi Einarssyni og Þorláki Jónssyni. Auk þess viljum við þakka Kristjáni Þórarinssyni fyrir hans aðstoð við lokafrágang þessa verkefnis en hann hafði umsjón með tölfræðilegri úrvinnslu.

Tölfræðileg úrvinnsla

Við athugun á hugsanlegum áhrifum súrefnisþurrðar við botn á þéttleika og afföll botndýra voru notaðar þrenns konar mælingar:

1. Mælingar á súrefnisstyrk (mg/l) við botn í janúar 1987.
2. Mælingar á þéttleika botndýra (meðalfjöldi per Kajak á stöð) í janúar 1987.
3. Mælingar á þéttleika botndýra í apríl 1987.

Þessar mælingar voru notaðar til að leita svara við tveimur spurningum:

1. Er marktækt samband á milli affalla botndýra og styrks súrefnis við botn?
2. Er marktækt samband á milli þéttleika botndýra að vori og súrefnisþurrðar að vetri?

Til að meta afföll yfir það tímabil sem súrefnisskorts getur gætt (1. spurning) þarf að reikna hlutfallslega fækkun (afföll) botndýra á hverri stöð á milli sýnatökudaga, þ.e.a.s. frá janúar til apríl ((J-A)/J, þar sem J er meðalþéttleiki í janúar og A er meðalþéttleiki í apríl). Þessi reiknuðu afföll eru síðan borin saman við súrefnisstyrk við botn með aðhvarfsgreiningu (Neter et al. 1985). Aðhvarfsgreining var einnig notuð til að kanna hvort skýra má breytileika í þéttleika botndýra að vori með breytileika í súrefnisstyrk að vetri (2. spurning).

Gögn voru til um allar þrjár breytur (súrefni, þéttleika að vetri, og þéttleika að vori) á ellefu stöðvum. Á hverri stöð var notuð ein súrefnismæling við botn (8. janúar 1987), og 5 Kajak sýni að vetri (8.-9. janúar 1987), og 5 Kajak sýni að vori (22.-23. apríl 1987). Einungis tveir dýrahópar voru nægilega algengir

í þessum sýnum (janúar 1987) til að unnt væri að meta afföll yfir tímabilið; hóparnir voru rykmýslirfur af undirættunum Chironomini (aðallega Chironomus islandicus) og Tanytarsini (aðallega Tanytarsus gracilentus).

Reikna má með að skekkja ('variance') í mælingum á afföllum (1. spurning) sé mjög breytileg á milli stöðva, og fari fyrst og fremst eftir þéttleika að vetri (því meiri þéttleiki, því minni skekkja). Þess vegna var notuð 'vegin aðhvarfsgreining' (Neter et al. 1985) þar sem vægi mælinga var í hlutfalli við þéttleika að vetri.

Þegar mjög lítill þéttleiki mælist á stöð að vetri er hætt á að afföll mælist neikvæð á viðkomandi stöð, einkum ef raunveruleg afföll eru mjög lítil. Þetta kom 1 sinni fyrir hjá Tanytarsini og 2 sinnum hjá Chironomini; við úrvinnslu var gert ráð fyrir að engin afföll hefðu orðið ef reiknuð afföll voru neikvæð (niðurstöður tölfræðiprófana breytast ekki ef þessum mælingum er sleppt).

Engin sérstök vandamál koma fram við aðhvarfsgreiningu á sambandi þéttleika að vori við súrefnisstyrk að vetri (2. spurning).

NIÐURSTÖÐUR

Súrefni

Þegar mælingar á styrk súrefnis við botn í Syðriflóa Mývatns hófust 8. janúar 1986 var ísþykkt á bilinu 42-50 cm (2. mynd). Ísþykkt hafði aukist verulega þegar kom fram í febrúar sama ár. Mest ísþykkt 19. febrúar 1986 var 71 cm á stöð 10 og minnst 57 cm á stöð 13 (3. mynd). Í mars 1986 var ísinn mest 74 cm á stöð 6 í Álftavogi.

Veturinn 1986-1987 var súrefni við botn fyrst mælt 26. nóvember. Mælingar voru þá fyrst og fremst bundnar við þau svæði sem valin höfðu verið úr frá niðurstöðum sem fengust í janúar-mars 1986. Ísþykkt var minnst 26 cm við Geitey (stöð 38-3) en mest 32 cm í Álftavogi (Stöð 6-1). Ísþykktin jókst síðan þegar

líða tók á veturinn. Í byrjun desember var íspykktin mest um 40 cm í Álftavogi; 22. desember um 43 cm á sömu stöð og hafði aukist í 49 cm í byrjun janúar 1987. Í mars 1987 var ísinn um 69 cm þykkur á stöð 6 í Álftavogi. Í mars var ís ýmist farinn af eða það veikur að ekki var hægt að mæla hann nema syðst í Syðriflóa.

Vatnshiti við botn í janúar 1986 var 2,4-3,7 C í Syðriflóa (4.-6. mynd). Litlar breytingar mældust í vatnshita við botn á milli sýnatökudaga (7. mynd).

Niðurstöður súrefnismælinga í Syðriflóa benda til þess að styrkur súrefnis minnki mjög ört eftir að vatnið verður ísi lagt í byrjun vetrar (8. mynd). Þetta á fyrst og fremst við um svæðið frá Sviðinsey suður í Álftavog. Þegar mælingar hófust í nóvember 1987 var styrkur súrefnis við botn nálægt Sviðinsey (stöð 3) um 5,2 mg/l og var kominn niður í 1,8 mg/l í desember. Styrkur súrefnis fór aftur vaxandi við Sviðinsey strax í byrjun febrúar 1987. Í Álftavogi (stöð 6) mældist styrkur súrefnis við botn 2,4 mg/l í nóvember 1986. Frá desember 1986 til mars 1987 mældist styrkur súrefnis á stöðinni í Álftavogi á bilinu 0,4-1,0 mg/l. Það er fyrst í apríl sem styrkur súrefnis fer aftur að aukast á þessu svæði. Þannig virðist vatn við botn geta verið súrefnislítið á tímabilinu frá desember til apríl (8.-12. mynd). Þetta virðist eiga við um sunnaverðan Syðriflóa. Líklegt er að svæðin innst í Neslandavík falli undir þessa flokkun. Annars staðar varir lágur súrefnisstyrkur mun skemur. Þannig mældist styrkur súrefnis aðeins í janúar undir 2,0 mg/l á stöðvum í kringum Sviðinsey (stöð 3). Styrkur súrefnis við botn í norðanverðum Syðriflóa mældist aldrei undir 5,0 mg/l.

Súrefnisstyrkur við botn og þéttleiki rykmýslirfa

Tveir dýrahópar voru nægilega algengir til þess að unnt væri að mæla afföll þ.e. rykmýslirfur af undirættum Chironomini og Tanytarsini. Marktækt samband var á milli affalla lirfa af undirætt Chironomini (aðallega Chironomus islandicus) og styrk súrefnis við botn (13. mynd). Afföll fóru vaxandi við lægri

súrefnisstyrk. Auk þess var marktækt samband á milli þéttleika mýlirfa af undirætt Chironomini að vori og súrefnisstyrks í janúar (14. mynd). Þéttleiki Chironomini lirfa var minni á svæðum þar sem súrefnisþurrðar gætti í janúar. Ekkert marktækt samband var á milli súrefnisstyrks við botn og affalla eða þéttleika lirfa af undirætt Tanytarsini (15.-16. mynd).

Fjöldi botndýra á milli ára

Mikill breytileiki var á fjölda helstu botndýra í Kajak sýnum á milli ára (17.- 26. mynd). Lirfur af undirætt Tanytarsini fundust í litlu magni í vetrarsýnum 1986 og 1989-1990 (17. mynd). Þegar rannsóknir hófust í Syðriflóa 5. mars 1986 komu Tanytarsinsi lirfur ekki fyrir í sýnum (n=12). Í janúar 1987 var meðalfjöldi Tanytarsini lirfa í Kajak-sýnum 150 lirfur (n=54) og 134 lirfur að meðaltali í febrúar sama ár. Í apríl sama ár hafði meðaltalið lækkað í 7 lirfur í Kajak-sýni að meðaltali. Mest virðast því affölin vera á tímabilinu frá miðjum febrúar fram í apríl meðan vatnið er enn ísi lagt. Mjög lítill munur var í fjölda Tanytarsini lirfa á milli stöðva í Syðriflóa í mýleysisárum (18. mynd). Úrvinnslu botnsýna var beint að þeim stöðvum sem valdar höfðu verið m.t.t. súrefnisstyrks við botn að vetri (stöðvar 3, 6 og 38; sjá mynd 1). Í nokkrum tilfellum var unnið úr sýnum frá stöðvum 34 og 45 inn á Bolum. Þéttleiki Tanytarsini lirfa var meiri á stöðvunum inn á Bolum en öðrum stöðum í Syðriflóa frá sama tíma. Í janúar 1987 var fjöldi Tanytarsini lirfa á stöð 34 við Háey um 908 lirfur að meðaltali í Kajak sýni; á stöðvum í norðanverðum Syðriflóa var fjöldi lirfa 9 - 303 í Kajak-sýni; fjöldi Tanytarsini lirfa á stöðvum við Álftavog í janúar 1987 var 9 - 195 lirfur í sýni.

Mikil fækkun í fjölda Tanytarsini lirfa var á milli vetrarkynslóða 1987-1988 og 1988-1989 (17 mynd). Fjöldi lirfa í september 1987 var um 338 lirfur í sýni borið saman við um 1 lirfu sýnum frá september 1988. Ekki var unnið úr botnsýnum sem tekin voru sumarið 1988 þannig að ekki er unnt að tímasetja hrunið nákvæmlega. Síðasta mæling fyrir vorklak, 18. mars 1988 benti ekki til annars en talsvert væri af Tanytarsini lirfum í

Syðriflóa en þá var fjöldi lirfa að meðaltali um 48 lirfur í sýni. Flest bendir því til þess að klak vorið 1988 hafi misfarist. Athugun á 52 Kajak sýnum teknum á tímabilinu frá 25. september 1988 til 10. apríl 1990 gaf mest um 0,5 Tanytarsini lirfu í sýni.

Minni sveiflur voru í fjölda rykmýslirfa af undirættum Chironomini, Orthoclaadiinae og Tanypodinae á milli ára en hjá Tanytarsini lirfum (19.-22. mynd). Mestur fjöldi Chironomini lirfa yfir veturinn var 1987 eins og hjá Tanytarsini (19.-20. mynd). Fjöldi Chironomini lirfa í sýni í janúar 1987 var um 24 lirfur (meðaltal; 75 kajak sýni). Lirfunum fór fækkandi þegar nær dró vori og í apríl var meðalfjöldi Chironomini lirfa 15 í sýni. Eins og hjá Tanytarsini var nokkur munur í fjölda lirfa milli september 1987 og 1988. Fjöldinn 22. september 1987 var 39 lirfur í sýni (n=7) en var um 3 lirfur í september 1988 (n=10). Fjöldi Chironomini lirfa í september 1989 var 3 lirfur í Kajak sýni. Mestur fjöldi Chironomini lirfa í september var 1986 eða 45 lirfur í sýni.

Aðrir dýrahópar sem athugaðir voru m.t.t. þéttleika á milli ára voru Oligochaeta, Cladocera, Copepoda og Ostracoda (23.-26. mynd). Erfitt er út frá þessum gögnum að meta sveiflur í þéttleika á milli ára. Fjöldi var ávallt mestur í september ár hvert. Mest afföll virðast eiga sér stað áður eða um það bil sem vatnið verður ísi lagt í september til nóvember. Öllum dýrahópum nema Oligochaeta fækkar á tímabilinu frá janúar til apríl (miðast við 1987).

UMRÆÐA

Mikill munur var í þéttleika mýlirfa á milli ára á helstu sýnatökustöðvum. Þessi mikli munur gerði erfitt fyrir varðandi mar á afföllum mýlirfa yfir veturinn. Það er aðeins 1987 sem helstu mýtegundir eru í nægjanlegu magni til þess að unnt sé að meta afföll frá janúar til apríl. Niðurstöðurnar benda til þess að samband sé á milli styrks sýrefnis að vetri og affalla eða þéttleika Chironomini lirfa. Ef athugað er það svæði sem líklegt er að sýrefnisþurrðar gæti yfir veturinn sést að það er fyrst og fremst bundið við sunnanverðan Syðriflóa. Athuganir á útbreiðslu Chironomus lirfa 1987 (Arnþór Garðarsson o.fl. 1987) sýndi að tegundin var dreifð um mestallt vatnið að undanteknum dýpkuðum hlutum Ytriflóa, Suðurvogum og norðurhluta Ála. Endurtekin athugun á útbreiðslu Chironomus lirfa 1981 sýndi að útbreiðslan var heldur meiri en 1977. Ef tekið er mið af stærð þess svæðis sem langvarandi sýrefnisþurrðar gætti á árunum 1986-1987 og hinni miklu útbreiðslu Chironomini lirfa í vatninu verður að telja ólíklegt að styrkur sýrefnis við botn hafi afgerandi áhrif á stofnstærð þessarar tegundar. Til þess að svo væri þyrfti sýrefnisþurrðar að gæta mun víðar í vatninu. Samkvæmt niðurstöðum þessa verkefnis virðast stóru sveiflurnar eiga sér stað yfir sumarið. Þannig virðist vera lítið sambandi á milli fjölda lirfa að vori og stofnstærðar að sumri. Vorin 1987 og 1988 var lítill munur í fjölda Chironomini lirfa á botni. Aftur á móti gaf vetrarkynslóð 1987 af sér stóra sumarkynslóð en eftir 1988 hefur aftur á móti verið lítið um lirfu. Þannig hefur bæði sumar og vetrarkynslóð verið lítil frá vori 1988.

Styrkur sýrefnis við virtist ekki hafa áhrif á afföll eða þéttleika Tanytarsini lirfa á botni. En breytileiki ("variance") er mikill í mælingum á Tanytarsini, og því þyrfti mun meiri gögn til að útiloka sýrefnisáhrif á afkomu þessara dýra. Miklar sveiflur voru í fjölda lirfa af þessari undirætt á milli ára. Eins og fyrir Chironomini var ekki hægt að sjá samband á milli stofnstærðar að vori og yfir sumarið. Dæmi um þetta er mjög lítill stofn vorið 1986 sem gaf af sér stóran stofn sumarið 1986.

Miklar sveiflur í stofnstærð rykmýslirfa í Syðriflóa á árunum 1986-1990 hafa gert úrvinnslu þessa verkefnis erfiða. Þannig er það aðeins janúar til apríl 1987 sem Chrionomini og Tanytarsini eru í nægjalegu magni til þess að unnt sé að prófa þær tilgátur sem voru settar fram í þessu verkefni. Ástæðan er m.a. að eftir 1987 var ákveðið að draga verulega úr sýnatöku. Í byrjun þessa verkefnis var reiknað með að jafnaði yrðu tekin og unnið úr sýnum frá allt að 20 stöðum í Syðriflóa. áðru en til þess kom var tekin ákvörðun um að minnka þessa sýnatöku niður um 9 sýni, annars vegar tekin í janúar og hins vegar í mars-apríl.


Mat á útbreiðslu súrefnisþurrðar í Syðriflóa miðast hér fyrst og fremst við mælingar frá 1986-1987. Skipulegar mælingar voru ekki endurteknar fyrir þessi svæði. Þær mælingar sem hafa verið gerðar samfara botnsýnatöku frá 1988-1990 sýna mjög svipað ástand og var á árunum 1986-1987. Þessar mælingar eru bundnar við tímabilið frá janúar til apríl. Ef súrefnisstyrkur við botn á að skýra sveiflur í stofnstærð helstu mýtegunda í Mývatni þarf hann að vera breytilegur á milli ára og vara í mislangan tíma. Út frá þeim gögnum sem liggja fyrir í dag er ekki hægt að svara því hversu breytilegt súrefnisástand vatnsins er á milli ára. Til þess hefði þurft að halda áfram skipulegum mælingum allt tímabilið. En vegna fjárskorts ákvað sérfræðinganefndin um Mývatnsrannsóknir að mælingum skyldi hætt haustið 1987. Niðurstöðurnar frá 1986 og 1987 sýna að það munar um 30 dögum á því hversu lengur súrefnisþurrð varir 1987 en 1986. Upplýsingar um hversu fljótt þetta ástand skapast eru eingöngu til frá 1987. Það haust virðist súrefnisþurrðar fara að gæta í sunnanverðum Syðriflóa fljótlega eftir að vatnið verður ísi lagt. En þrátt fyrir að súrefnisþurrðar fari að gæta á takmörkuðu svæði í Syðriflóa fljótlega eftir að vatnið er orðið ísilagt þá er þar um mjög takmarkað svæði að ræða m.t.t. útbreiðslusvæðis Chironomus lirfa í Syðriflóa. Ólíklegt er því að orsök sveiflna í stofnstærð mýlirfa verði rakin til súrefnisþurrðar yfir veturinn.

Heimildir

Arnþór Garðarsson, Gísli Már Gíslason, Guðmundur V. Helgason og Jón Ólafsson 1987. Yfirlitskönnun á botnlífi Mývatns. Náttúruverndarráð. Fjölrit 18.

Jón Ólafsson 1979. Physical characteristics of Lake Mývatn and River Laxá. Oikos 32: 38-66.

BOTNSÝNI



1. mynd. Stöðvar þar sem súrefni (O_2) var mælt 1986 og 1987 einnig botnsýnastöðvar árin 1986 til 1990.

0 500 1000 2000 m

1:50,000

ÍSÞYKKT (CM)




2. mynd. Ísþykkt (cm) 8.janúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50.000

ÍSÞYKKT (CM)



3. mynd. Ísþykkt (cm) 19.febrúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50,000

HITASTIG (°C)




4. mynd. Vatnshiti (°C) við botn 8. janúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50,000

HITASTIG (°C)




5. mynd. Vatnshiti (°C) við botn 22.janúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50.000


HITASTIG (°C)




6. mynd. Vatnshiti (°C) við botn 19.febrúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50.000




7. mynd. Vatnshiti (°C) við botn á stöðvum 3.1, 4 og 6.1 (sjá 1. mynd um staðsetningu stöðva) í Syðriflóa 1986-1987.



8. mynd. Styrkur súrefnis (mg/l) við botn á stöðvum 3.1, 4 og 6.1 (sjá 1. mynd um staðsetningu stöðva) í Syðriflóa 1986-1987.

SÚREFNI ($\text{mg O}_2/\text{l}$)



9. mynd. Magn súrefnis (mg/l) við botn
8. janúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50.000

SÚREFNI ($\text{mg O}_2/\text{l}$)



11. mynd. Magn súrefnis (mg/l) við botn
19.febrúar 1986.

0 500 1000 2000 m

1:50.000


SÚREFNI ($\text{mg O}_2/\text{l}$)



12. mynd. Magn súrefnis (mg/l) við botn 3.mars 1986 (vatnið íslaust í norðanverðum Syðriflóa).


0 500 1000 2000 m

1:50.000




13. mynd. Samband affalla Chironomini rykmýslirfa (hlutfallsleg afföll) á stöðvum 3.1, 6.1, og 38.1 (sjá 1. mynd um staðsetningu) í Syðriflóa og súrefnisstyrks í janúar 1987. Fylgnistuðull (r) er 0,480 (p < 0,05).


Hlutfallsleg afföll = afföll frá janúar til apríl/fjöldi í janúar.




14. mynd. Samband súrefnisstyrks í janúar 1987 og fjölda rykmýslirfa (Chironomini) á stöðvum (3.1, 6.1, og 38.1) í Syðriflóa í maí 1987. Fylgnistuðull (r) er 0,672 (p < 0,01).



15. mynd. Afföll Tanytarsini lirfa við ákveðinn súrefnisstyrk (mg/l) á stöðvum 3, 6 og 38 í Syðriflóa. Sambandið er ekki marktækt. Afföll= afföll frá janúar til apríl 1987/fjöldi í janúar.




16. mynd. Fjöldi Tanytarsini lirfa í maí á stöðvum 3, 6 og 38 í Syðriflóa miðað við súrefnisstyrk við botn í janúar 1987. Ekki marktækt samband.




17. mynd. Fjöldi Tanytarsíni lirfa í Kajak-sýni á stöðvum 3.1, 6.1 og 38.1 í Syðriflóa. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í töflu 1.

Dagsetning




18. mynd. Fjöldi Tanytarsini lirfa í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Syðriflóa frá 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Chironomini (fjöldi í sýni)




19. mynd. Fjöldi Chironomini lirfa í Kajak-sýni á stöðvum 3.1, 6.1 og 38.1 í Syðriflóa. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í töflu 2.

Dagsetning




20. mynd. Fjöldi Chironomini lirfa í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Syðriflóa frá 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.




21. mynd. Fjöldi Orthocladinae lirfa í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Syðriflóa 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Dagsetning




22. mynd. Fjöldi Tanypodinae lirfa í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Syðriflóa 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Dagsetning




23. mynd. Fjöldi Oligochaeta í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Syðriflóa 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Dagsetning




24. mynd. Fjöldi Cladocera í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Sýrifiþlóa frá 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Dagsetning



25. mynd. Fjöldi Copepoda í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Sýðriflóa frá 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Dagsetning



26. mynd. Fjöldi Ostracoda í Kajak-sýni (meðaltal allra sýna) í Sýðriflóa frá 1986-1990. Yfirlit yfir fjölda sýna er að finna í viðauka með skýrslu.

Tafla 1. Fjöldi (meðaltal) Tanytarsini rykmýslirfa á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd).

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

-= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni

Dags.	Stöðvar					
	3.1		6.1		38.1	
	fjöldi (n)		fjöldi (n)		fjöldi (n)	
05.03.86	-		0,0	(3)	-	
22.05.86	-		-		0,0	(5)
29.07.86	1,8	(5)	-		-	
25.09.86	123,5	(2)	174,8	(5)	561,2	(5)
26.11.86	3,8	(5)	19,0	(5)	2,2	(5)
08.01.87	0,6	(5)	158,2	(5)	54,6	(5)
10.02.87	5,3	(9)	114,0	(5)	-	
22.04.87	3,0	(5)	0,0	(5)	7,0	(5)
16.06.87	8,0	(5)	45,4	(5)	-	
22.09.87	256,8	(4)	-		447,7	(3)
18.03.88	15,6	(5)	111,2	(5)	-	
25.09.88	0,2	(5)	0,4	(5)	-	
02.03.89	-		-		0,5	(4)
18.09.89	-		-		0,0	(5)
18.01.90	0,0	(5)	0,0	(5)	0,0	(5)
11.04.90	-		0,0	(8)	0,0	(2)

Tafla 2 . Fjöldi (meðaltal) Chironomini rykmýslirfa á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd).

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

-= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar					
	3.1		6.1		38.1	
	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)
05.03.86	-		0,7	(3)	-	
22.05.86	-		-		0,6	(5)
29.07.86	40,2	(5)	-		-	
25.09.86	69,5	(2)	17,8	(5)	47,2	(5)
26.11.86	21,0	(5)	21,4	(5)	41,0	(5)
08.01.87	22,2	(5)	20,2	(5)	33,4	(5)
10.02.87	25,3	(9)	14,6	(5)	-	
22.04.87	16,2	(5)	6,4	(5)	22,4	(5)
16.06.87	106,6	(5)	206,4	(5)	-	
22.09.87	59,3	(4)	-		13,7	(3)
18.03.88	46,4	(5)	16,4	(5)	-	
25.09.88	5,4	(5)	1,2	(5)	-	
02.03.89	-		-		0,0	(4)
18.09.89	-		-		2,4	(5)
18.01.90	5,6	(5)	1,2	(5)	5,6	(5)
11.04.90	-		4,0	(8)	8,5	(2)

Tafla 3. Fjöldi (meðaltal) Orthocladinae rykmýslirfa á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd).

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

-- sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar		
	3.1 fjöldi (n)	6.1 fjöldi (n)	38.1 fjöldi (n)
05.03.86	-	0,3 (3)	-
22.05.86	-	-	0,2 (5)
29.07.86	57,2 (5)	-	-
25.09.86	33,0 (2)	169,6 (5)	0,4 (5)
26.11.86	16,6 (5)	25,4 (5)	1,8 (5)
08.01.87	0,8 (5)	11,8 (5)	2,4 (5)
10.02.87	2,2 (9)	2,6 (5)	-
22.04.87	0,0 (5)	3,4 (5)	0,0 (5)
16.06.87	0,2 (5)	3,0 (5)	-
22.09.87	11,5 (4)	-	9,0 (3)
18.03.88	0,4 (5)	3,0 (5)	-
25.09.88	0,2 (5)	0,2 (5)	-
02.03.89	-	-	0,0 (4)
18.09.89	-	-	10,2 (5)
18.01.90	5,6 (5)	0,0 (5)	0,4 (5)
11.04.90	-	21,4 (8)	1,5 (2)

Tafla 4. Fjöldi (meðaltal) *Tanypodinae* rykmýslirfa á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd).

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

-= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar					
	3.1		6.1		38.1	
	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)
05.03.86	-		0,0	(3)	-	
22.05.86	-		-		0,0	(5)
29.07.86	11,4	(5)	-		-	
25.09.86	9,0	(2)	12,0	(5)	2,2	(5)
26.11.86	0,4	(5)	1,8	(5)	0,6	(5)
08.01.87	0,2	(5)	0,4	(5)	0,8	(5)
10.02.87	0,3	(9)	0,0	(5)	-	
22.04.87	0,2	(5)	0,2	(5)	1,2	(5)
16.06.87	2,2	(5)	0,4	(5)	-	
22.09.87	2,0	(4)	-		11,7	(3)
18.03.88	1,6	(5)	1,2	(5)	-	
25.09.88	0,6	(5)	0,0	(5)	-	
02.03.89	-		-		0,8	(4)
18.09.89	-		-		0,6	(5)
18.01.90	1,0	(5)	0,0	(5)	1,8	(5)
11.04.90	-		0,8	(8)	3,0	(2)

Tafla 5. Fjöldi (meðaltal) Oligochaeta á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd).

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar		
	3.1 fjöldi (n)	6.1 fjöldi (n)	38.1 fjöldi (n)
05.03.86	-	0,0 (3)	-
22.05.86	-	-	0,0 (5)
29.07.86	7,2 (5)	-	-
25.09.86	30,0 (2)	22,2 (5)	2,8 (5)
26.11.86	19,0 (5)	4,0 (5)	3,8 (5)
08.01.87	10,8 (5)	23,0 (5)	-
10.02.87	6,0 (9)	27,6 (5)	-
22.04.87	2,0 (5)	8,2 (5)	4,8 (5)
16.06.87	12,8 (5)	31,6 (5)	-
22.09.87	3,3 (4)	-	1,7 (3)
18.03.88	6,2 (5)	87,6 (5)	-
25.09.88	10,2 (5)	44,8 (5)	-
02.03.89	-	-	-
18.09.89	-	-	19,6 (5)
18.01.90	9,6 (5)	5,4 (5)	0,6 (5)
11.04.90	-	15,8 (8)	21,0 (2)

Tafla 6. Fjöldi (meðaltal) Cladocera á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd).

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

--= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar					
	3.1		6.1		38.1	
	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)
05.03.86	-		0,0	(3)	-	
22.05.86	-		-		0,4	(5)
29.07.86	33,0	(5)	-		-	
25.09.86	58,0	(2)	111,4	(5)	18,0	(5)
26.11.86	2,2	(5)	0,0	(5)	0,0	(5)
08.01.87	9,6	(5)	0,0	(5)	-	
10.02.87	0,0	(9)	0,2	(5)	-	
22.04.87	0,0	(5)	0,0	(5)	0,0	(5)
16.06.87	52,0	(5)	12,6	(5)	-	
22.09.87	13,3	(4)	-		6,3	(3)
18.03.88	0,0	(5)	0,2	(5)	-	
25.09.88	400,8	(5)	205,6	(5)	-	
02.03.89	-		-		-	
18.09.89	-		-		529,4	(5)
18.01.90	3,6	(5)	9,6	(5)	40,0	(5)
11.04.90	-		16,4	(8)	9,0	(2)

Tafla 7. Fjöldi (meðaltal) Copepoda á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd). Meðaltal úr öllum sýnum sem úrvinnslan hefur náð til á rannsóknatímanum.

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.

n= fjöldi Kajak sýna.

= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar					
	3.1		6.1		38.1	
	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)	fjöldi	(n)
05.03.86	-		0,0	(3)	-	
22.05.86	-		-		0,6	(5)
29.07.86	48,0	(5)	-		-	
25.09.86	174,0	(2)	62,0	(5)	35,6	(5)
26.11.86	151,0	(5)	25,4	(5)	4,0	(5)
08.01.87	16,6	(5)	12,2	(5)	-	
10.02.87	11,7	(9)	5,2	(5)	-	
22.04.87	11,0	(5)	1,2	(5)	2,8	(5)
16.06.87	141,6	(5)	15,4	(5)	-	
22.09.87	152,8	(4)	-		84,0	(3)
18.03.88	53,4	(5)	86,0	(5)	-	
25.09.88	90,8	(5)	27,6	(5)	-	
02.03.89	-		-		0,0	(4)
18.09.89	-		-		26,2	(5)
18.01.90	23,8	(5)	43,0	(5)	23,8	(5)
11.04.90	-		26,8	(8)	22,0	(2)

Tafla 8. Fjöldi (meðaltal) Ostracoda á stöðvum 3(1), 6(1) og 38(1) í Syðriflóa (sjá 1. mynd). Meðaltal úr öllum sýnum sem úrvinnslan hefur náð til á rannsóknatímanum.

Fjöldi= fjöldi einstaklinga talinn úr hverju Kajak sýni.
 n= fjöldi Kajak sýna.
 -= sýni ekki tekið eða ekki unnið úr sýni.

Dags.	Stöðvar		
	3.1 fjöldi (n)	6.1 fjöldi (n)	38.1 fjöldi (n)
05.03.86	-	0,0 (3)	-
22.05.86	-	-	8,4 (5)
29.07.86	13,0 (5)	-	-
25.09.86	30,0 (2)	25,6 (5)	97,2 (5)
26.11.86	11,0 (5)	1,8 (5)	1,6 (5)
08.01.87	7,2 (5)	0,0 (5)	-
10.02.87	0,7 (9)	0,2 (5)	-
22.04.87	1,0 (5)	0,0 (5)	0,0 (5)
16.06.87	0,0 (5)	0,0 (5)	-
22.09.87	18,5 (4)	-	32,0 (3)
18.03.88	19,8 (5)	1,8 (5)	-
25.09.88	57,6 (5)	12,0 (5)	-
02.03.89	-	-	0,0 (4)
18.09.89	-	-	5,6 (5)
18.01.90	5,6 (5)	3,6 (5)	10,2 (5)
11.04.90	-	4,4 (8)	5,5 (2)

Viðaukar

Viðauki 1. Tölfræði.

1. Chironomini og súrefni

2. Tanytarsini og súrefni

3. Taylor Power

Viðauki 2. Súrefnismælingar

Viðauki 3. Botndýr

